

## 36. gr.

*Málskot til úrskurðarnefndar félagsþjónustu.*

Umsækjandi getur skotið ákvörðun félagsmálanefndar til úrskurðarnefndar félagsþjónustu. Skal það gert innan fjögurra vikna frá því umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun félagsmálanefndar.

Reglur þessar voru samþykktar í félagsmálanefnd Árneshrepps og staðfestar af sveitarstjórn Árneshrepps í samræmi við 21. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Reglurnar taki gildi frá og með birtingu í Stjórnartíðindum.

*Þannig samþykkt á fundi í sveitarstjórn, 14. apríl 2004.*

**Gunnsteinn Gíslason**, oddviti Árneshrepps.

**REGLUGERÐ****um sameiningu heilbrigðisstofnana.**

## 1. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur ákveðið að sameina eftirtaldar heilbrigðisstofnanir undir nafninu Heilbrigðisstofnun Suðurlands og tekur sameiningin gildi 1. september 2004:

Heilsugæslustöðina Þorlákshöfn.  
Heilsugæslustöðina Hveragerði.  
Heilsugæslustöðina Laugarási.  
Heilsugæslustöðina Rangárþingi.  
Heilsugæslustöðina Vík í Mýrdal.  
Heilsugæslustöðina Kirkjubæjarklaustri.  
Heilbrigðisstofnunina Selfossi.

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 2. málsl. 2. mgr. 24. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu og öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 21. maí 2004.*

**Jón Kristjánsson.**

*Ragnheiður Haraldsdóttir.*